
Minnisblað

Dagsetning: 20. maí 2020
Höfundur: Þórólfur Guðnason
Viðtakandi: Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra
Málsnúmer/skjalalýkill:

Efni: **Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi afléttingu takmarkana á samkomum vegna COVID-19 þ. 25. maí 2020.**

Takmarkanir á samkomum vegna yfirstandandi faraldurs COVID-19 voru fyrst settar þ. 13. mars 2020 af heilbrigðisráðherra og síðan hertar þ. 24. mars 2020 skv. tillögum sóttvarnalæknis. Samkvæmt auglýsingu frá 24. mars 2020 áttu takmarkanirnar að standa til 12. apríl 2020 kl. 23:59. Sóttvarnalæknir sendi minnisblað til ráðherra þ. 1. apríl 2020 þar sem lagt var til að takmarkanir á samkomum yrði framhaldið til 4. maí 2020 og voru þær tillögur staðfestar af ráðherra.

Í dag hafa alls 1.803 einstaklingar greinst með COVID-19 hér á landi en alls hafa 115 einstaklingar lagst inn á sjúkrahús, 30 á gjörgæsludeild, 18 einstaklingar þurft á aðstoð öndunarvéla að halda og tíu látist. Nýsmitum hefur hins vegar fækkað verulega á undanförunum dögum og hafa einungis fimm einstaklingar greinst sem af er maí mánuði.

Fyrsta aflétting á samkomutakmörkunum var gerð þ. 4 maí sl. sem ekki virðist hafa leitt til aukningar á sjúkdómstíflum. Önnur aflétting var gerð 18. maí en þá voru sundlaugar opnaðar með 50% leyfilegum hámarksfjölda gesta og næsta aflétting takmarkana er fyrirhuguð 25. maí n.k.

Lagt er til að aflétting takmarkana þ. 25 maí n.k. felist í eftirfarandi:

- Fjöldamörk þeirra sem koma saman fari úr 50 í 200.
- Engar sérstakar takmarkanir verði á íþróttastarfi en gæta þarf að hámarksfjölda fullorðinna allt að 200 manns í sama rými.
- Takmarkanir um opnun sundlauga verði óbreyttar sbr. auglýsingu 18. maí 2020.
- Líkamsræktarstöðvar verði opnaðar með eftirfarandi takmörkunum:
 - Líkamsræktarstöðvum verði heimilt að hafa opið með fjöldatakmörkunum þar sem leyfilegur hámarksfjöldi gesta fari aldrei yfir helming hámarksfjölda skv. starfsleyfi. Sé hámarksfjöldi ekki skráður í starfsleyfi skal miða gestafjölda við helming þess fjölda sem fataskiptarými gerir ráð fyrir.
 - Börn fædd árið 2015 og síðar teljast ekki með gestafjölda.
 - Tveggja metra nálægðartakmörk skulu gilda samkvæmt nýrri skilgreiningu hér að neðan.
- Ný skilgreining á tveggja metra reglu:

Hugmyndin er að sett verði regla sem er svipuð og regla er varðar aðgengi fatlaðs fólks að ýmissi þjónustu, þ.e. að gert sé ráð fyrir að einstaklingar, sérstaklega viðkvæmir einstaklingar, þurfi meira pláss eða aðrir og að einnig geti reglan verið val fólks. Þannig má fólk sitja eða standa þétt en bjóða þarf þeim sem það vilja að halda tveggja metra fjarlægð.

- Allir einstaklingar eru hvattir til að viðhalda tveggja metra fjarlægðarreglu í samskiptum við aðra eftir því sem aðstæður leyfa.
- Í almenningsrýmum þar sem gert er ráð fyrir að almenningur eigi aðgengi að, hvort sem er án skilyrða eða að uppfylltum skilyrðum, s.s. greiðslu aðgangsgjalds eða vegna vinnusambands, skal leitast við að bjóða einstaklingum að halda 2ja metra fjarlægð frá öðrum eins og kostur er. Þar sem veitt er lögbundin þjónusta eða almenningur á ekki kost á öðru en mæta skal vera unnt að tryggja þeim sem það kjósa að halda 2ja metra fjarlægð frá öðrum. Undir almenningsrými falla m.a.:
 - Verslanir
 - Allir flokkar veitingastaða
 - Sundlaugar og baðstaðir
 - Líkamsræktarstöðvar
 - Íþróttamannvirki
 - Heilbrigðisstofnanir eftir því sem við á
 - Móttaka stofnana og fyrirtækja
 - Vinnustaðir sem eðli starfseminnar vegna krefjast ekki mikillar nálægðar
 - Almenningsgöngur
 - Leikhús, bíósalir, tónleikasalir o.þ.h.
 - Húsnæði skóla og annarra mennta- og menningarstofnana
 - Í 1. mgr. felst m.a. að verslanir gæti að því að í biðröðum sé unnt að gæta að umræddri fjarlægð, að vinnurými séu skipulögð þannig að unnt að sé að halda fjarlægð, að veitingastaðir og sambærileg starfsemi geri ráð fyrir að unnt sé að bjóða nokkrum viðskiptavinum að sitja í umræddri fjarlægð frá öðrum. Leikhús og bíósalir bjóði upp á a.m.k. nokkur sæti sem eru í umræddri fjarlægð.
- Vínveitingastaðir, skemmtistaðir og krár mega hafa opið til kl. 23:00.
 - Gætt skal að reglu um hámarksfjölda og nýrri skilgreiningu á tveggja metra reglu.
- Spilasalir mega hafa opið til kl. 23:00.
 - Gætt skal að reglu um hámarksfjölda og nýrri skilgreiningu á tveggja metra reglu.
- Hvatt er til að opinberar skemmtanir sem ekki eru leyfisskyldar standi ekki lengur en til 23:00
- Áfram verða sömu kröfur um sóttþreinsun og þrif almenningsrýma innandyra.

Með kveðju

Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir